

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 198/2018

2021/EES/15/26

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2119 frá 2. desember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 113/2010 að því er varðar aðlögun að skránni um tollferli og skilgreiningu gagna ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerðir (EB) nr. 2020/2001 ⁽²⁾, (EB) nr. 1779/2002 ⁽³⁾, (EB) nr. 2081/2003 ⁽⁴⁾ og (EB) nr. 750/2005 ⁽⁵⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, hafa úrelst og því ber að fella þær brott úr EES-samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009):

- a) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32016 R 2119**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2119 frá 2. desember 2016 (Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 66).“

- b) eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta b-liðar:

„Allar tilvísanir til tollkerfis með miðlægri tollafgreiðslu ásamt tilheyrandi ákvæða skulu ekki hafa þýðingu að því er EFTA-ríkin varðar.“

2. Eftirfarandi kemur í stað liðar 8ab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 113/2010):

- a) eftirfarandi er bætt við:

„, breytt með:

– **32016 R 2119**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2119 frá 2. desember 2016 (Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 66).“

- b) eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta c-liðar:

„Tilvísanir til skráningar- og auðkenniskerfis rekstraraðila gilda ekki um EFTA-ríkin.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 273, 16.10.2001, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 269, 5.10.2002, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 313, 28.11.2003, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 126, 19.5.2005, bls. 12.

3. Texti liðar 9 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2001) til liðar 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 750/2003) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/2119, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.